Minnisblað

Dagsetning: 21. mars 2023

Höfundur: Jón Bragi Gíslason

Viðtakandi: Pálmi Þór Másson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026

Álitaefni:

Undirritaður var beðinn um að uppfæra gjaldskrá Kópavogshafnar til að taka mið af því breytta verðlagi sem blasir nú við, en þróun verðlags með tilheyrandi verðbólgu hefur sett mark sitt á rekstur hafnarinnar sem rekin er í miklu tapi. Þá er til þess einnig að líta að það er stefna sveitarfélagsins að Kópavogshöfn eigi fyrst og fremst að þjóna sem yndishöfn fyrir smábáta en ekki sem skipahöfn.

Breytingar á gjaldskránni:

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á gjaldskránni til að mæta ofangreindum atriðum:

- Í **4. gr**. voru lestargjöld hækkuð upp í 17 kr. á hvert brúttótonn (BT) úr 11 kr.
- Í **5. gr.** er lagt til með að þrepaskilgreina gjöld fyrir báta á grundvelli brúttótonna þeirra.
    - Gjöld fyrir báta eftir BT tölu þeirra eru því þannig:
        - Bátar allt að 15 BT greiða kr. 11.673,- á mánuði.
        - Bátar 16 til 40 BT greiða kr. 18.832,- á mánuði.
        - Bátar 41 til 80 BT greiða kr. 29.931,- á mánuði.
    - Engin ein innlend né alþjóðleg skilgreining er til um það hvenær bátur telst vera það stór að hann er í raun skip og svo öfugt en slík skilgreining er samspil margra þátta. Leiðir nú af breytingu 5. gr. að í Kópavogshöfn gildi sú skilgreining að allt sem er yfir 80 BT er skilgreint sem skip. Tekur þetta mið af stefnu bæjarins um að Kópavogshöfn eigi að vera yndishöfn.
    - Þá voru gjöld fyrir öll skip sem leggjast að bryggju eða hafnarbakka þrefölduð, þ.e. úr 5 kr. fyrir hvern byrjaðan sólahring upp í 15 kr. fyrir hvern byrjaðan sólahring.
    - Heimilt er líkt og áður að leggja þreföld gjöld vegna báta og skipa þegar þau eru ekki í útgerðarstarfsemi, hins vegar hefur ákvæðinu verið breytt á þann veg að einungis

bátar geti óskað eftir langtímaviðlegu vegna annarrar starfsemi en útgerðar. Áður fyrr tók ákvæðið einnig til skipa, en eðlilegt þykir í ljósi framangreinds að taka skip út fyrir ramma þessa ákvæðis og semja nýja málsgrein sem tekur mið af skipum, en hið nýja ákvæði hljóðar svo:

- Heimilt er að leggja þreföld bryggjugjöld á skip sem liggja í höfn og eru ekki í rekstri. Skip sem legið hefur lengur en einn mánuð í höfn er skip sem ekki telst vera í rekstri.

- Leggja ber þann skilning í þessi nýmæli að skip geta ekki óskað eftir langtímaviðlegu við bryggjuna og liggi þau lengur en einn mánuð í höfninni beri að leggja á þau þreföld bryggjugjöld.

- Í **17. gr.** var greiðslum fyrir útkall breytt í það sama og útkall samkvæmt 16. gr. og stendur nú kostnaður vegna útkalls hvort sem um er að ræða rafmagns- og vatnssölu eða vigtun í sömu upphæð, þ.e. 16.168 kr.

Fjármálastjóri Kópavogsbæjar hefur gróflega farið yfir breytingarnar á gjaldskránni og talið þær taka eðlilegt mið af verðlagsþróun og þeim kostnaði sem fylgi rekstri hafnarinnar. Fjármálastjóri nefnir að vísitala neysluverðs sem og byggingavísitala hafi hækkað gríðarlega undanfarin misseri. Þá sé Kópavogshöfn rekin í miklu tapi, en sem dæmi þá þiggi höfnin að minnsta kosti 42 milljóna króna millifærslu úr bæjarsjóði á hverju ári sl. ár.

Að öllu framanvirtu telur undirritaður rétt að breyta gjaldskránni líkt og að ofan hefur verið rakið. Í viðhengi er að finna gjaldskránna með breytingarsögu í Microsoft Word.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026